

# Reglur um form námsritgerða við Lagadeild Háskóla Íslands

*Samþykktar 30. september 2008.*

## 1. Almenn atriði

### 1.1 Letur, leturstærð, fyrirsagnir o.fl.

Spássía ritgerðarinnar skal vera 2,5 cm, jafnt til hliðar sem og uppi og niðri. Texti ritgerðarinnar (að undanskilinni forsíðu) skal ritaður með letrinu Times New Roman. Um leturstærð og línubil texta gilda eftirfarandi reglur:

- a) Almennur texti í meginmáli skal ritaður með 12 punkta letri og einu og hálfu línubili.
- b) Inndreginn texti í meginmáli skal ritaður með 11 punkta letri og einu línubili.
- c) Texti neðanmálgreina skal ritaður með 10 punkta letri og einu línubili.
- d) Texti heimildaskrár skal ritaður með 12 punkta letri og einu línubili.

Um leturstærð og númer fyrirsagna/kaflaheita gilda eftirfarandi reglur:

- a) Grunnfyrirsagnir skulu vera 14 punkta, feitletraðar og auðkenndar með númerum (1,2,3) en ekki bókstöfum. Ekki skal nota punkt á eftir fyrirsögnum, hvort sem um grunn-, milli- eða undirfyrirsagnir er að ræða. Þó skal nota spurningarmerki feli fyrirsögn í sér spurningu.
- b) Millifyrirsagnir skulu vera 12 punkta, feitletraðar og með númer á forminu 1.2, 2.4 o.s.frv.
- c) Undirfyrirsagnir skulu vera 12 punkta, skáletraðar og með númer á forminu 1.3.2, 2.5.4 o.s.frv.

Fyrstu málgrein undir fyrirsögn skal ekki draga inn. Þær málgreinar sem á eftir koma skal hins vegar draga inn um 0,63 cm. Þegar bein tilvitnun (eða e.t.v. dómareifun) er dregin inn í meginmáli skal hún dregin inn um 1,00 cm og línubil koma bæði á undan henni og eftir.

Sem sýnishorn í framangreindum efnum vísast til meðfylgjandi viðauka.

### 1.2 Lengd

BA-ritgerð skal vera 15-25 blaðsíður að lengd, að frátalinni forsíðu, efnisyfirliti og skrá.

Meistara- og kandidatsritgerðir skulu vera 80-120 blaðsíður að lengd, að frátalinni forsíðu, efnisyfirliti, útdrætti og skrá.

### 1.3 Forsíða

Ritgerðin skal hafa forsíðu til samræmis við sniðmát sem finna má á heimasíðu Lagadeildar hverju sinni.

### 1.4 Blaðsíðunúmer

Blaðsíður ritgerðarinnar skulu númeraðar, að undanskilinni forsíðu. Númerin skulu vera á 10 punkta Times New Roman letri, miðjujöfnuð og neðst á blaðsíðunum.

### 1.5 Efnisyfirlit

Ritgerðin skal hafa að geyma efnisyfirlit á 12 punkta Times New Roman letri, til samræmis við sýnishornið sem fylgir í viðauka. Fyrirsögn hennar skal vera samskonar og fyrirsögn heimildaskrár, sbr. 4.1 hér á eftir.

## 1.6 Almenn atriði um heimildanotkun

Við tilgreiningu heimilda, jafnt í neðanmálgreinum sem og í heimildaskrá, skiptir úrslitamáli að geta alls efnis sem notað er og að fara efnislega rétt með heimildir. Orða má eftirfarandi tvær meginreglur sem nemendur mega ekki undir neinum kringumstæðum víkja frá:

- a) Geta verður heimilda í öllum þeim tilvikum þar sem efni er notað frá öðrum.
- b) Tilvitnunin verður að vera efnislega rétt, þ.e. gæta þarf þess að umfjöllun sem endar með tilvitnun endurspegli réttilega þá heimild sem vitnað er til.

Beinar tilvitnanir í meginmáli verður ætíð að auðkenna með gæsalöppum (íslenskum gæsalöppum, þ.e. „“). Ekki þarf þó að nota gæsalappir í tilviki inndreginna beinna tilvitnana.

## 2. Form tilvísana í lög, reglur, dóma og aðrar úrlausnir

### 2.1 Lög

Til laga skal vísa með þeim hætti að nefnt sé nafn laganna sem og númer. Valkvætt er hvort nafnið eða númerið komi á undan.

Dæmi: Í lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 kemur fram að...

Í lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup er mælt fyrir um...

Þegar vísað er til lagagreina eða einstakra þátta þeirra skal nota eftirfarandi skammstafanir:

- a) Grein: gr.
- b) Málgrein: mgr.
- c) Málslíður: másl.
- d) Tölulíður: tölul.

Þegar vísað er til málslíðar eða tölulíðar í tiltekinni málgrein lagagreinar skal vísa til málslíðarins eða tölulíðarins fyrst, þá málgreinarinnar og loks greinarinnar.

Dæmi: Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 getur...

Þegar það sem vísað er til er að finna í bókstafslið skal vísa til a-liðar, b-liðar o.s.frv. Líkt og í tilviki málslíða og tölulíða kemur sú tilvísun á undan tilvísun í viðkomandi málgrein/grein.

Dæmi: Í b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er mælt fyrir um...

Í þeim tilvikum þar sem ritgerðin vísar ítrekað til tiltekinnna laga er nemandanum heimilt að velja viðkomandi lögum tiltekna skammstöfun sem hann kynnir til leiks við fyrstu tilvísun og notar svo í síðari tilvísunum.

Dæmi: Nemandi sem skrifar á sviði einkamálaréttarfars kynnir í upphafi að hann muni nota skammstöfunina eml. þegar hann vísar til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. (T.d. með því að taka fram eftir fyrstu tilvísun til laganna: „Hér eftir skammstöfuð eml.“). Tilvísanirnar sem koma í kjölfarið eru svo með eftirfarandi hætti: Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. eml. er heimilt að...

### 2.2 Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli

Um tilvísanir í reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli gilda sömu reglur og að framan greinir um lög.

Dæmi: Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um hávaða nr. 724/2008 má...

Í a-lið 3. gr. reglugerðar nr. 548/2008 um heilbrigðisskrár kemur fram...

### 2.3 Gerðir á sviði Evrópuréttar

Þegar vísað er til gerða á sviði Evrópuréttar skal tilgreina tegund gerðarinnar (tilskipun/reglugerð), og síðan ártal og númer hennar, til samræmis við neðangreint dæmi:

Í tilskipun 2003/33/EB er mælt fyrir um...

Um tilvísanir til einstakra greina, málsgreina o.s.frv. gilda sömu reglur og um lög.

Dæmi: Samkvæmt 1. tölul. 6. mgr. 22. gr. reglugerðar 2004/809/EB...

## 2.4 Dómar Hæstaréttar

Tilvísanir til hæstaréttardóma skulu vera skáletraðar og með eftirfarandi hætti:

- 1) Hafi dómur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en ekki á vefsíðu Hæstaréttar (<http://www.haestirettur.is>), skal nota skammstöfunina Hrd., þá ártal dómsins, svo kommu og loks blaðsíðutal fyrstu síðu dómsins í dómasafni, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Hrd. 1998, bls. 4076.*

- 2) Hafi dómur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en er auk þess birtur á vefsíðu Hæstaréttar (dómar eftir 1. janúar 1999), skal til viðbótar framangreindu geta númers málsins innan sviga, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Hrd. 2000, bls. 1534 (12/2000).*

- 3) Hafi dómur eingöngu verið birtur á vefsíðu Hæstaréttar (er enn óbirtur í dómasafni) skal geta dagsetningar dómsins og málnúmers innan sviga til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Hrd. 1. mars 2007 (278/2006).*

## 2.5 Héraðsdómar

Tilvísanir til héraðsdóma skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfun dómstólsins, dagsetningu dómsins og málnúmer innan sviga til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Hérd. Rvk. 14. júní 2004 (E-129/2004).*

Skammstafanir héraðsdómstólanna skulu vera með eftirfarandi hætti: *Hérd. Rvk.* (Héraðsdómur Reykjavíkur), *Hérd. Reykn.* (Héraðsdómur Reykjaness), *Hérd. Vestl.* (Héraðsdómur Vesturlands), *Hérd. Vestfj.* (Héraðsdómur Vestfjarða), *Hérd. Norðvest.* (Héraðsdómur Norðurlands vestra), *Hérd. Norðeyst.* (Héraðsdómur Norðurlands eystra), *Hérd. Austl.* (Héraðsdómur Austurlands), *Hérd. Suðl.* (Héraðsdómur Suðurlands).

## 2.6 Álit umboðsmanns Alþingis

Tilvísanir til álita umboðsmanns Alþingis skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina UA, dagsetningu álitsins og málnúmer til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*UA 29. desember 2000 (2891/1999).*

## 2.7 Úrskurðir og aðrar úrlausnir stjórnvalda

Tilvísanir til úrskurða og annarra úrlausna stjórnvalda skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma nafn úrlausnarinnar og stjórnvaldsins, dagsetningu úrlausnarinnar og málnúmer til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Úrskurður kærunefndar útboðsmála 5. mars 2008 (1/2008).*

*Úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 4. mars 2008 (11/2007).*

Í þeim tilvikum þar sem ritgerðin vísar ítrekað til úrlausna tiltekins stjórnvalds er ætlast til að nemandinn velji úrlausnum stjórnvaldsins tiltekna skammstöfun sem hann kynnir til leiks við fyrstu tilvísun og notar svo í síðari tilvísunum.

Dæmi: Nemandi sem skrifar á sviði jafnréttis laga kynnr í upphafi að hann muni nota skammstöfunina KJ þegar hann vísar til úrskurða kærunefndar jafnréttismála (T.d.: „Hér eftir verður skammstöfunin KJ notuð um úrskurði kærunefndar jafnréttismála.“). Tilvísanirnar sjálfar eru svo með eftirfarandi hætti: *KJ 22. júlí 2008 (2/2008)*.

## **2.8 Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu o.fl.**

Tilvísanir til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina MDE, nafn málsins (með v. þýtt sem *gegn* og íslenskri þýðingu á nafni ríkisins), dagsetningu dómsins og málsnúmer til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88).*

*MDE, Nikula gegn Finnlandi, 21. mars 2002 (31611/96).*

Í tilviki ákvörðunar um meðferðarhæfi skal samskonar tilvitnun notuð að undanskildu því að tilgreint er í upphafi að um slíka ákvörðun sé að ræða, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Ákv. MDE, Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi, 20. október 2005 (4591/04).*

Samskonar tilvitnun skal nota í tilviki ákvarðana Mannréttindanefndar Evrópu, að öðru leyti en því að Mannréttindanefndin er skammstöfuð sem MNE, sbr. eftirfarandi dæmi:

*Ákv. MNE, Ásmundur Jónsson o.fl. gegn Íslandi, 21. október 1998 (41242/1998).*

Sama gildir í tilviki skýrslna Mannréttindanefndar Evrópu að undanskildu því þar er tilgreint í upphafi að um skýrslu sé að ræða, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Skýrsla MNE, Jón Kristinsson gegn Íslandi, 8. mars 1989 (12170/86).*

## **2.9 Dómar/álit EFTA-dómstólsins og dómstóls EB**

Tilvísanir til dóma dómstóls EB skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina EBD, málsnúmerið, ártal og blaðsíðu dómsins í European Court Reports (ECR), til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*EBD, mál C-321/97, ECR 1999, bls. I-3551.*

Tilvísanir til dóma EFTA-dómstólsins skulu vera með sama hætti, nema þar skal skammstöfunin EFTAD notuð fyrir EFTA-dómstólinn og EFTACR fyrir EFTA Court Reports, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*EFTAD, mál E-01/7, EFTACR 1998, bls. 95.*

Í tilviki álita skulu samskonar tilvitnanir notaðar að undanskildu því að þá skal nota orðið *álit* í stað orðsins *mál*, sbr. eftirfarandi dæmi:

*EBD, álit 1/91, ECR 1991, bls. I-6079.*

## **2.10 Dómar, úrskurðir og álit Alþjóðadómstólsins**

Tilvísanir til dóma, úrskurða og álita Alþjóðadómstólsins skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina AD, nafn málsins, dagsetningu dóms/úrskurðar eða álits og upphafsblaðsíðu í ICJ Reports, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*AD, Asylum Case, 20. nóvember 1950, ICJ Reports 1950, bls. 266.*

## **2.11 Danskir, norskir og sænskir dómar**

Tilvísanir til danskra og norskra dóma skulu vera með sambærilegum hætti og tilvísanir til eldri hæstaréttardóma, sbr. 2.4. Nota skal skammstöfunina UfR. fyrir Ugeskrift for Retsvæsen

(Danmörk), skammstöfunina Rt. fyrir Norsk Retstidende (Noregur), skammstöfunina NJA fyrir sænska hæstaréttardóma og RÅ fyrir stjórnsludómstól Svíþjóðar, þá ártal dómsins, svo kommu og loks blaðsíðutal fyrstu síðu dómsins í viðkomandi riti, sbr. eftirfarandi dæmi:

*UfR. 2000, bls. 2064.*

*Rt. 2007, bls. 1274.*

*NJA 2002, bls. 1156.*

*RÅ 2003, bls. 123.*

### **3. Form tilvísana í neðanmálgreinum**

#### **3.1 Almennt um letur og form neðanmálgreina**

Texti neðanmálgreina skal ritaður með 10 punkta Times New Roman letri og einu línubili, sbr. 1.1. Texti þeirra skal hægrijafnaður. Um form einstakra neðanmálgreina fer að öðru leyti eftir því til hvaða efnis er vísað, sbr. eftirfarandi reglur um einstakar tegundir heimilda.

#### **3.2 Alþingistíðindi og tengt efni**

Tilvísanir til efnis sem birt hefur verið í Alþingistíðindum skulu hafa að geyma skammstöfunina Alpt., ártal viðkomandi bindis, kommu, þá deild Alþingistíðinda sem um ræðir (A-, B- eða C-deild), kommu og loks blaðsíðutal þess sem vísað er til, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 2098.*

Tilvísanir í þingskjöl sem ekki hafa birst í Alþingistíðindum skulu hafa að geyma skammstöfunina þskj., númer þingskjalsins, kommu, númer viðkomandi löggjafarþings, skammstöfunina lögb., ártal löggjafarþingsins, kommu, blaðsíðutal þingskjalsins sem vísað er til (á pdf-forminu á Alþingisvefnum, <http://www.althingi.is>), og loks tilgreiningu innan sviga á því að efnið hafi ekki enn birst í Alþingistíðindum, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Þskj. 603, 135. lögb. 2007-08, bls. 8 (enn óbirt í A-deild Alpt.).*

Tilvísanir í ræður sem ekki hafa birst í Alþingistíðindum skulu hafa að geyma skammstöfun viðkomandi þingmanns/ráðherra samkvæmt Alþingisvefnum, kommu, dagsetningu ræðunnar, hvenær hún hófst og loks tilgreiningu á því að efnið hafi ekki enn birst í Alþingistíðindum, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*ISG, 28. febrúar 2008, ræða hófst kl. 11:08 (enn óbirt í B-deild Alpt.)*

#### **3.3 Bækur**

Tilvísanir til bóka skulu hafa að geyma nafn höfundar, tvípunkt, skáletraðan titil bókarinnar, kommu, og loks blaðsíðutal þess sem vísað er, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

*Viðar Már Matthíasson: Skaðabótaréttur, bls. 45.*

Ekki skal tilgreina undirtitla bóka í neðanmálgreinum, en geta skal þeirra í heimildaskrá.

Tilvísunum til erlendra bóka skal haga með sama hætti. Við tilgreiningu nafna höfunda skal eiginnaframt koma fyrst og síðan ættarnafn (ekki ættarnafn fyrst), sbr. eftirfarandi dæmi:

*Bernhard Gomard: Selskabsretten, bls. 142.*

Séu höfundar tveir eða þrír skal geta þeirra beggja/allra, en séu þeir fleiri en þrír skal geta þess sem fyrstur er tilgreindur á bókinni og síðan skammstöfunarinnar o.fl., sbr. eftirfarandi dæmi:

*Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson: Kauparéttur, bls. 24.*

*Geoffrey R. Stone o.fl.: Constitutional Law, bls. 55.*

#### **3.4 Greinar í fagtímaritum og safnritum**

Tilvísanir til greina í fagtímaritum (t.d. í Úlfljóti/Tímariti lögfræðinga) sem og til greina/bókarkafna í safnrítum (t.d. í afmælisritum/ráðstefnurítum) skulu hafa að geyma nafn höfundar, tvípunkt, titil greinarinnar í gæsalöppum, kommu, og loks blaðsíðutal þess sem vísað er til, í samræmi við eftirfarandi dæmi:

Björg Thorarensen: „Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða“, bls. 52.

Tilvísunum til erlendra tímarits- og safnrítsgreina skal haga með sama hætti. Við tilgreiningu nafna höfunda skal eiginnafn koma fyrst og síðan ættarnafn (ekki ættarnafn fyrst).

Séu höfundar tveir eða fleiri gilda sömu reglur um tilgreiningu þeirra og í tilviki bóka, sbr. 3.3.

### **3.5 Opinberar skýrslur og greinargerðir**

Tilvísanir til opinberra skýrslna, greinargerða og annars ámóta efnis (innlends sem erlends) skulu hafa að geyma skáletrað nafn skýrslunnar, kommu og blaðsíðutal þess sem vísað er til, í samræmi við eftirfarandi dæmi:

*Starfsskilyrði stjórnvalda*, bls. 62.

### **3.6 Dagblöð**

Tilvísunum til greina tiltekinnna höfunda í dagblöðum skal haga með sama hætti og greinir í 3.4, sbr. eftirfarandi dæmi:

Páll Sigurðsson: „Hljóðritanir talaðs máls“, bls. 59.

Tilvísanir til fréttu í dagblöðum, eða annarra dagblaðsgreina sem enginn höfundur er skráður að, skulu hafa að geyma titil greinarinnar í gæsalöppum, kommu, og loks blaðsíðutal greinarinnar, í samræmi við eftirfarandi dæmi:

„Gjöldin ólögmet án samnings“, bls. 22.

### **3.7 Vefsíður**

Almennt skal ekki vísa til vefsíðna nema þegar viðkomandi efni hefur ekki komið út á prenti.

Þegar vísað er til greina tiltekinnna höfunda á vefsíðum skal haga tilvísuninni með samskonar hætti og greinir í 3.6, að frátöldu því að í stað blaðsíðutals kemur viðeigandi vefslóð, í samræmi við eftirfarandi dæmi:

Björn Bjarnason: „Lögbundin stjórnsýsla og nektardans“, <http://www.bjorn.is>.

Þegar vísað er til fréttu á vefsíðum, eða annars efnis þar sem höfundar er ekki getið, skal haga tilvísuninni með sama hætti og greinir í 3.6 um samskonar efni í dagblöðum, að frátöldu því að í stað blaðsíðutals kemur viðeigandi vefslóð, í samræmi við eftirfarandi dæmi:

„Grunur um brot á útlendingalögum“, <http://www.visir.is>.

Almenn tilvísun til vefsíðu skal vera með þeim hætti að fyrst sé vísað til þess hver heldur úti umræddri vefsíðu (þ.e. um vefsíðu hvaða aðila sé að ræða). Því næst komi komma og þá vefslóðin, í samræmi við eftirfarandi dæmi:

Vefsíða Samkeppniseftirlitsins, <http://www.samkeppni.is>.

Sé slóð tilvitnaðrar vefsíðu lengri en 35 tákn í heild sinni skal höfundur leitast við að stytta vefslóðina, þó þannig að nægjanlega sé ljóst hvar og hvernig megi nálgast viðkomandi efni.

Ekki er heimilt að vísa til vefslóðarinnar Wikipedia.

## 4. Form heimilda í heimildaskrá

### 4.1 Almenn um letur og uppsetningu heimildaskrár

Texti heimildaskrár skal ritaður með 12 punkta Times New Roman lettri og einu línubili, sbr. 1.1. Efst í heimildaskránni skal standa með feitleturðum hástöfum HEIMILDASKRÁ. Heimildunum skal síðan raðað upp í stafrófsröð með tilliti til fyrsta bókstafsins í hverri og einni heimildartilgreiningu. Á milli heimilda skal vera eitt línubil.

Form einstakra heimilda skal vera til samræmis við það sem á eftir greinir um hinar mismunandi tegundir þeirra. Í viðauka er síðan að finna sýnishorn af heimildaskrá.

### 4.2 Alþingistíðindi og tengt efni

Ekki er þörf á að tilgreina einstök bindi Alþingistíðinda eða númer þingskjala sem vísað er til, heldur nægir eftirfarandi almenn tilvísun:

*Alþingistíðindi.*

### 4.3 Bækur

Tilgreining bókar í heimildaskrá skal hafa að geyma höfund bókarinnar, tvípunkt, skáletraðan titil bókarinnar (þ.á m. undirtitil sé honum til að dreifa), punkt, útgáfustað bókarinnar, útgáfuár og loks punkt, sbr. eftirfarandi dæmi:

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

Hafi bókin að geyma undirtitil skal tilgreina hann skáletraðan í kjölfar titilsins. Hafi bókin komið út oft en einu sinni skal taka fram í kjölfar titilsins um hvaða útgáfu sé að ræða. Sjá um bæði þessi atriði eftirfarandi dæmi:

Arnþjóttur Björnsson: *Skaðabótaréttur. Kennslubók fyrir byrjendur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Um tilgreiningu nafna á erlendum höfundum tilgreiningu nafna þegar höfundar eru tveir eða fleiri gilda þær reglur sem fram koma í 3.3.

### 4.4 Greinar í fagtímaritum og safnritum

Tilgreining greinar í fagtímariti skal hafa að geyma höfund greinarinnar, tvípunkt, titil greinarinnar í gæsalöppum, punkt, skáletrað heiti fagtímaritsins, kommu, númer viðkomandi tölublaðs eða heftis ásamt ártali (t.d. 1. tbl. 2000 eða 1. hefti 2000), kommu, blaðsíðutal greinarinnar (frá fyrstu til síðustu blaðsíðu) og loks punkt, sbr. eftirfarandi dæmi:

Eiríkur Tómasson: „Réttur sakaðs manns til þess að leiða vitni og spyrja þau“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 2000, bls. 357-392.

Tilgreining greinar/bókarkafli í safnritum (t.d. í afmælis- eða ráðstefnuritum) skal hafa að geyma höfund greinarinnar, tvípunkt, titil greinarinnar í gæsalöppum, punkt, skáletrað heiti ritsins, punkt, útgáfustað, útgáfuár, kommu, blaðsíðutal greinarinnar/kafli (frá fyrstu til síðustu blaðsíðu) og loks punkt. Sé ritstjóra getið í umræddu riti skal hann tilgreindur í kjölfar heitis á ritinu. Um framangreint vísast til eftirfarandi dæma:

Róbert R. Spanó: „Túlkunarregla refsiréttar“. *Afmælisrit. Jónatan Þórmundsson sjötugur*. Ritstj. Ragnheiður Bragadóttir. Reykjavík 2007, bls. 443-469.

Ragnheiður Bragadóttir: „Refsingar í nauðgunarmálum“. *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Lagadeild*. Ritstj. Viðar Már Matthíasson. Reykjavík 2003, bls. 29-44.

Um tilgreiningu nafna á erlendum höfunum og tilgreiningu nafna þegar höfundar eru tveir eða fleiri gilda þær reglur sem fram koma í 3.4, sbr. 3.3.

#### 4.5 Opinberar skýrslur og greinargerðir

Tilgreining opinberra skýrslna, greinargerða og annars ámóta efnis (innlends sem erlends) skal hafa að geyma skáletrað nafn skýrslunnar, punkt, útgefanda, kommu, útgáfustað, ártal, og loks punkt, sbr. eftirfarandi dæmi:

*Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Forsætisráðuneytið, Reykjavík 1999.*

#### 4.6 Dagblöð

Tilgreining greinar tiltekins höfundar í dagblöðum skal hafa að geyma nafn höfundar, tvípunkt, titil greinarinnar í gæsalöppum, punkt, skáletrað heiti dagblaðsins, kommu, dagsetningu viðkomandi tölublaðs, kommu, blaðsíðutal viðkomandi greinar og loks punkt, sbr. eftirfarandi dæmi:

Páll Sigurðsson: „Hljóðritanir talaðs máls“. *Morgunblaðið*, 7. nóvember 1998, bls. 59.

Tilgreiningu fréttar eða annarra greina þar sem höfunda er ekki getið skal haga með sama hætti, að frátöldu höfundarnafninu og tvípunkti í byrjun, sbr. eftirfarandi dæmi:

„Gjöldin ólögmæt án samnings“. *24 stundir*, 10. september 2008, bls. 22.

#### 4.7 Vefsíður

Um almenna tilgreiningu vefsíðna og lengd vefslóða gilda sömu reglur og greinir í 3.7.

Tilgreining á greinum tiltekinna höfunda á vefsíðum skal hafa að geyma nafn höfundar, tvípunkt, nafn greinarinnar í gæsalöppum, kommu, vefslóðina sem um ræðir, dagsetningu greinarinnar ef henni er fyrir að fara, sviga með tilgreiningu á því hvenær efnið var skoðað og loks punkt, sbr. eftirfarandi dæmi:

Björn Bjarnason: „Lögbundin stjórnsýsla og nektardans“, <http://www.bjorn.is/greinar/nr/4573>, 7. ágúst 2008 (skoðað 15. september 2008).

Tilgreiningu fréttar af vefsíðum, eða annars efnis þar sem höfundar er ekki getið, skal haga með sama hætti, að frátöldu höfundarnafninu og tvípunkti í byrjun, sbr. eftirfarandi dæmi:

„Grunur um brot á útlendingalögum“, <http://www.visir.is>, 11. september 2008 (skoðað 15. september 2008).

### 5. Aðrar skrár

Nemendum er heimilt en ekki skylt að láta aðrar skrár fylgja ritgerðinni, svo sem lagaskrá, dómaskrá og atriðisorðaskrá. Viðaukinn hér að aftan hefur að geyma sýnishorn af dómaskrá.

### 6. Tilvik sem reglurnar ná ekki til

Framangreindar reglur ná eðli málsins samkvæmt aðeins til efnis sem algengast er að nemendur noti og vísi til. Í þeim tilvikum þar sem reglurnar hafa enga beina reglu að geyma skal nemandinn nota þá aðferð sem hann telur best samræmast þeirri framsetningu sem reglurnar leggja til grundvallar. Skal hann í því sambandi einkum líta til þeirra tilvika í reglum sem skyldust eru því tilviki sem um ræðir.

Samþykkt á deildarfundi 30. september 2008





## VIÐAUKI

Hér á eftir fer dæmi um BA-ritgerð sem unnin er samkvæmt framangreindum formreglum. Nánar tiltekið hafa eftirtaldar blaðsíður að geyma dæmi um:

- 1) Forsíðu.
- 2) Efnisyfirlit.
- 3) Blaðsíðu úr efnisumfjöllun ritgerðarinnar.
- 4) Heimildaskrá.
- 5) Dómaskrá.
- 6) Sniðmát forsíðu BA ritgerða  
<http://www.hi.is/lagadeild/snidmat>
- 7) Sniðmát forsíðu MA ritgerða  
<http://www.hi.is/lagadeild/snidmat>

## EFNISYFIRLIT

1 Inngangur .....	3
2 Almennt um ábyrgðarleysisástæður .....	4
2.1 Eðli og þýðing ábyrgðarleysisástæðna .....	4
2.2 Aðrar ábyrgðarleysisástæður en orðhefnd .....	5
3 Viðhorf löggjafans og fræðimanna til 239. gr. ....	6
3.1 Inngangur .....	6
3.2 Lögskýringargögn með ákvæðinu .....	7
3.2.1 Frumvarpið sem leiddi til lögfestingar 239. gr. ....	7
3.2.2 Önnur lögskýringargögn .....	9
3.3 Viðhorf fræðimanna .....	9
4 Túlkun Hæstaréttar á skilyrðum orðhefndar .....	13
4.1 Inngangur .....	13
4.2 Helstu dómar Hæstaréttar .....	13
4.3 Ályktanir af fyrirliggjandi dómum .....	16
5 Niðurstöður .....	19
Heimildaskrá .....	24
Dómaskrá .....	25

að hefna sín að vítalausu.<sup>1</sup> Þrátt fyrir að hegningarlögin frá 1869 hefðu ekki slíkt ákvæði að geyma má sjá ýmis dæmi um að varnaraðili hafi reynt að afsaka meiðyrði með ótilhlýðilegu háttarni sóknaraðila.<sup>2</sup> Reglan um orðhefnd er enda ævagömul og kom til að mynda skýrt fram í Grágás.<sup>3</sup>

## 4 Túlkun Hæstaréttar á skilyrðum orðhefndar

### 4.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um helstu dóma Hæstaréttar síðustu 50 árin er varða túlkun og beitingu 239. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í upphafi skal tekið fram að álitaeefni um það hvort orðhefnd leysi undan ábyrgð eru að sumu leyti tengd álitaeinum er snerta 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þar er mælt fyrir um vernd tjáningarfrelsisins en tjáningarfrelsið er í flokki hinna elstu og mikilvægustu mannréttinda og er óumdeilanlega eitt af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags.<sup>4</sup> Hér á eftir verður hins vegar ekki litið til hinna stærri spurninga er varða tjáningarfrelsið heldur einblínt á þá dóma er varða ákvæðið um orðhefnd með beinum hætti.

Framsetning umfjöllunarinnar verður með þeim hætti að dómarnir verða raktir í tímaröð, allt frá *Hrd. 1965, bls. 706* til *Hrd. 24. janúar 2008 (211/2007)*. Í kafla 4.3 verður síðan fjallað um helstu niðurstöður sem leiða má af dómunum um skilyrði orðhefndar.

### 4.2 Helstu dómar Hæstaréttar

Í *Hrd. 1965, bls. 706* var leyst úr deilum tveggja einstaklinga sem stefnt höfðu hvor öðrum fyrir meint meiðyrði. Hæstiréttur kvað upp áfellisdom yfir öðrum einstaklingnum en sýknaði hinn á grundvelli orðhefndar. Um síðarnefnda þáttinn sagði m.a. í rökstuðningi Hæstaréttar:

Ummæli þessi eru að vísu nokkuð hvöss í garð gagnáfrýjanda, en þegar til þess er litið, að þau eru andsvar aðaláfrýjanda við mjög ósæmilegum móðgunaryrðum, sem gagnáfrýjandi hafði áður valið honum í grein í Tímanum hinn 1. september 1962, þá þykja ekki efni til að taka neinar kröfur gagnáfrýjanda í gagnsökinni til greina.

Í *Hrd. 1978, bls. 535* snéri Hæstiréttur hinsvegar við þeirri niðurstöðu héraðsdóms að sýkna á grundvelli sjónarmiða um orðhefnd. Af rökstuðningi Hæstaréttar er þó ljóst að hann lítur til slíkra sjónarmiða við ákvörðun bótafjárhæðar, en þar segir:

<sup>1</sup> Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 212.

<sup>2</sup> Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 164.

<sup>3</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmiðla*, bls. 277.

<sup>4</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

„Árni hættir við málsókn á hendur Agnesi“. *Morgunblaðið*, 10. september 2008, bls. 9.

Björg Thorarensen: „Mannréttindaákvæði í stjórnskránni“, <http://www3.hi.is/~bjorgtho> (skoðað 15. september 2008).

Bonnie Docherty: „Defamation Law: Positive Jurisprudence“. *Harvard Human Rights Journal*, 13. hefti 2000, bls. 263-287.

Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti 1952, bls. 123-178.

Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*. Reykjavík 1967.

Gunnar Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“. *Samtíð og saga. Nokkrir háskólafyrirlestrar III*. Reykjavík 1946, bls. 138-165.

Henry John Mæland: *Ærekrenkelser*. Ósló 1986.

Jónatan Þórmundsson: „Rökstuðningur refsíákvörðunar“. *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Lagadeild*. Ritstj. Viðar Már Matthíasson. Reykjavík 2003, bls. 11-28.

Jónatan Þórmundsson: „Samþykki brotþola og réttaráhrif þess“. *Útljótur*, 4. tbl. 1998, bls. 465-473.

Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík 1997.

Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 359-389.

Peer Lorenzen, Lars Adam Rehof og Tyge Trier: *Den europæiske menneskeretskonvention med kommentarer*. Kaupmannahöfn 1994.

Viðar Már Matthíasson: „Skaðabótaréttur“. *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Ritstj. Róbert R. Spanó. Reykjavík 2006, bls. 281-341.

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 1965, bls. 706*

*Hrd. 1975, bls. 753*

*Hrd. 1978, bls. 535*

*Hrd. 1979, bls. 1004*

*Hrd. 1993, bls. 1409*

*Hrd. 1995, bls. 774*

*Hrd. 1998, bls. 693*

*Hrd. 1998, bls. 1376*

*Hrd. 2001, bls. 1212 (306/2001)*

*Hrd. 2003, bls. 3136 (36/2003)*

*Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005)*

*Hrd. 24. janúar 2008 (211/2007)*

### Dómar héraðsdóms:

*Hérd. Reykn. 8. október 2004 (E-843/2004)*

*Hérd. Rvk. 4. júní 2008 (E-5903/2007)*

*Hérd. Rvk. 28. júlí 2008 (E-7167/2007)*

### Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

*MDE, Lingens gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82)*

*MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)*